



Orkunotkun sundlauga

Hjörleifur Þór Jakobsson

Greinargerð HPJ-81/01

Orkunotkun sundlauga

1. Inngangur

Upphitun sundlauga er ein elsta og jafnframt einfaldasta nýting járhita á Íslandi. Lítið hefur þó verið ritað af fræðum í þessu sambandi hérlandis. Það helsta sem út hefur komið er "Hitun og hreinsun sundlaugarvatns" eftir Guðmund Halldórsson (VST) unnið fyrir íþróttanefnd ríkisins. Í þessari greinargerð er ætlunin að taka saman nokkra punkta sem varða upphitun sundlaugarvatns. Þar eðlilegum eru í miklum meirihluta hérlandis (85%), verður hér eingöngu fjallað um þær.

2. Varmatap

Núorðið eru flestar sundlaugar útbúnar hreinsitækjum þannig að fræðilega séð er aðeins þörf að fylla laugina einu sinni og bæta svo við heitu vatni sem nemur varmatapi laugarinnar. Þó er laugin alltaf tæmd og fyllt einstaka sinnum vegna viðhalds.

Varmatap laugarinnar er fólgjóð í eftirfarandi þáttum.

- i) Uppstreymi (convection) Q_C
- ii) Uppgufun Q_E
- iii) Geislun Q_R
- iv) Leiðnitap Q_L
- v) Úrkoma Q_U

2.1 Uppstreymi

Varmaflutingur vegna uppstreymis er reiknaður út frá hinni almennu jöfnu:

$$Q_C = h_c \cdot (T_w - T_a) \quad (1)$$

Varmaflutingsstuðullinn h_c er mjög háður vindhraða og margar leiðir hafa verið farnar til að finna hann. Íslenskir vísindamenn mæltu á sínum tíma með því (heimild 2) að jafna Rimsha - Donchenko yrði almennt notuð til að reikna h_c .

$$h_c = K + 0.45 \cdot V2 \quad [\text{cal}/\text{m}^2 \cdot \text{s} \cdot ^\circ\text{C}]$$

Þar sem

$$K = 0.93 + 0.04 \cdot (T_w - T_a) \quad [\text{cal}/\text{m}^2 \cdot \text{s} \cdot ^\circ\text{C}]$$

$$T_w = \text{Vatnshiti} \quad [^\circ\text{C}]$$

$$T_a = \text{Lofthiti} \quad [^\circ\text{C}]$$

$$V2 = \text{Vindhraði í 2 m hæð} \quad [\text{m/s}]$$

2.2 Uppgufun

Vegna mismunandi gufuprýstings við yfirborð vatnsins og umhverfislofts, gufar vatn upp og af því hlýst töluvart varmatap. Fyrir þetta tap er talið ráðlegt (heimild 2) að nota jöfnu Rimsha - Donchemko.

$$Q_E = (1.56 \cdot K + 0.70 \cdot V2) \cdot (e_w - e_a) \quad [\text{cal}/\text{s} \cdot \text{m}^2] \quad (2)$$

Þar sem

$$K = 0.93 + 0.04 (T_w - T_a) \quad [\text{cal}/\text{m}^2 \cdot \text{s} \cdot ^\circ\text{C}]$$

$$T_w = \text{Vatnshiti} \quad [^\circ\text{C}]$$

$$T_a = \text{Lofthiti} \quad [^\circ\text{C}]$$

$$V2 = \text{Vindhraði í 2 m hæð} \quad [\text{m/s}]$$

$$e_w = \text{eimþrýstingur við vatnsvífbord} \quad [\text{mbör}]$$

$$e_a = \text{eimþrýstingur í lofti} \quad [\text{mbör}]$$

Á mynd 1 eru jöfnur (1) og (2) tekinar saman og þannig fást út varmatap fyrir hin mismunandi skilyrði. Í öllum útreikningum er miðað við $T_w = 27^\circ\text{C}$ en það er sá hiti sem yfirleitt er hafður í laugum hérlendis.

Á mynd 2 má sjá varmatap frá hverjum fermetra laugaryfirborós fyrir hvern mánuð. Þessi mynd er byggð á veðurupplýsingum úr Reykjavík á árunum 1970-1979 og gildir því eingöngu fyrir Stór-Reykjavíkursvæðið.

Mynd 3 sýnir samsvarandi upplýsingar fyrir 1980. Af mynd 2 sést að meðalvarmatap vegna uppstreymis og uppgufunar er ca 1310 W/m^2 en fyrir árið 1980 er það 1210 W/m^2 . Það ber þó að hafa í huga að veðurmælingarnar sýna sennilega meiri vindhraða en er yfir lauginni þar eð flestar laugar hafa skjólgarð sem ætti að draga eitthvað úr vindhraða.

Eins og sést á myndum 2 og 3 er hér um meðaltalstölur að ræða. Að sjálfs sögðu koma dagar þar sem varmatapið er mun meira og sem dæmi má nefna að yfir versta daginn 1980 fór varmatapið upp í ca 3650 W/m^2 .

2.3 Geislun

Við ákveðin veðurskilyrði getur varmatap vegna geislunar haft tölverð áhrif á heildarvarmatapið. Á þetta nánastaklega við í köldu og heiðskíru veðri.

Jafna (3) sýnir áhrif geislunar: (Heimild 2)

$$Q_R = 4.186 \cdot ((13.18 \cdot 10^{-9} \cdot T_a^4 \cdot (0.46 - 0.06 \cdot e_a^{0.5}) - G_o \cdot (1-a)) \cdot (1 - 0.012 \cdot N^2) + 13.18 \cdot 10^{-9} (T_w^4 - T_a^4)) \quad [W/m^2] \quad (3)$$

þar sem

T_a = Loftthiti $[{}^\circ C]$

e_a = eimþrýstingur í lofti $[mbör]$

G_o = sólgeislun í heiðskíru veðri $[cal/s m^2]$

a = eólisendurkast vatns

N = skýjahula 0-8

Versta hugsanlega tilfelli sem upp getur komið er þegar $G_o = 0$ og $N = 0$ og T_a er mjög lágt t.d. $T_a = -10 {}^\circ C$
þá fæst:

$$Q_R \approx 280 \text{ W/m}^2$$

Af þessu sést að geislunartöp eru til mikilla muna minni en uppgufunar- og uppstreymistöp. Erfitt er að ákvarða meðalgeislunartöp yfir árið en ef miðað er við meðalhita $4.5 {}^\circ C$ (Reykjavík) myndi geislunin vera á bilinu $120-220 \text{ W/m}^2$ eftir skýjafari og sólgeislun. Ekki er því óeólilegt að álykta sem svo að geislunartöp séu ca 170 W/m^2 að meðaltali.

2.4 Leiðnitap

Leiðnitap er út um veggi og botn laugarinnar. Oftast er botninn á það miklu dýpi að tap út um hann er óverulegt. Meðfram veggjum laugarinnar eru oftast hafðir gangar og búningsklefar. Hitastigið þar er svipað og í lauginni þannig að lítið tapast þar út. Útveggir þessara ganga eru vanalegast einangraðir samkvæmt byggingareglugerð og kólnunartala þeirra því ca $0.5 \text{ W/m}^2 \cdot {}^\circ C$. Flatarmál útveggja er yfirleitt ca 1/3 af yfirborðsflatarmáli laugarvatnsins. Ef miðað er við það flatarmál verður tapið því ca 10 W/m^2 í versta falli og ca 5 W/m^2 að meðaltali. Af þessu sást að leiðnitap er smávergilegt miðað við önnur töp.

2.5 Úrkoma

Þegar rignir ofan í laugina þarf að hita það vatn sem fellur, upp í laugahita. Hér verður gert ráð fyrir því að regnið sé ca 0°C þegar það lendir í lauginni. Fyrir hvern mm sem fellur verða þetta ca 1 kg af vatni á fermetra sem hita þarf upp um 27°C . Ef gert er ráð fyrir að þessi mm dreifist jafnt á 24 tíma, þarf aflið að vera ca:

$$Q_R = \frac{1 \text{ kg} \cdot 4200 \text{ J/kg} \cdot 27^{\circ}\text{C}}{24 \cdot 3600} = 1.3 \text{ W/m}^2 \cdot \text{mm regn}$$

Oft rignir ca 15 mm á sólarhring þannig að afköstin þurfa að vera

$$Q_R = 15 \cdot 1.3 \text{ W/m}^2 \approx 20 \text{ W/m}^2$$

EKKI er eólilegt að ganga út frá því að rigningin dreifist jafnt á 24 tíma. Líklegra er að þetta gerist á a.m.k. helmingi styttri tíma og þá þarf að tvöfalda afköstin upp í 40 W/m^2 .

Ef um snjó er að ræða þarf einnig að bræða hann. Bræðsluvarmi snjós er 335 kJ/kg og ef snjókoman dreifist á 12 tíma þurfa afköstin að vera $335000/12 \cdot 3600 = 7.8 \text{ W/m}^2$. Ef snjóar 15 mm á þessum 12 tímum þurfa afköstin að vera:

$$Q_s = 12 \cdot 7.8 + Q_{\text{Hitun}} = 93 + 40 = 133 \text{ W/m}^2$$

Sá möguleiki er einnig fyrir hendi að það skafi ofan í laugina. Þá virkar laugin eins og svartur hlutur á ljósgeisla þ.e. hún sýgur allan snjó í sig. Samkvæmt upplýsingum Veðurstofunnar (Heimild 3) gæti skafþylur á 6 klst. jafngilt 100 cm að jafnföllnum snjó sem svo verður af ca 10-20 cm vatni eftir þéttleika snjósins. Ef gert er ráð fyrir 15 cm vatni jafngildir þetta ca 3100 W/m^2 .

3. Samantekt á varmatapi

Tap vegna uppgufunar, uppgötreymis og geislunar er hér að framan meitið u.p.b. 1480 W/m^2 að meðaltali. Ef tap vegna leiðni, úrkому og aðri óvissuhættir eru meðinir upp á 15% fest að varmatap frá sundlaug á Stór-Reykjavíkursvæðinu er u.p.b. 1700 W/m^2 að meðaltali. Þörfin er mun meiri í verstu tilfellum svo að nauðsynlegt er að uppsett afl sé töluvert meira. Ót frá fræmansöðu má ætla að það þyrfti að vera í kringum 4000 W/m^2 .

Við hönnun sundlauna er uppeftt níl oftast miðað við að hægt sé að fylla sundlaugina á einhverjum ákveðnum tíma. Almennt er miðað við 6-8 tíma. Gert er ráð fyrir að hiti kaldra vatnsins sé 5°C , heita vatnið sé 75°C og hiti laugarvatns sé 27°C . Ef tekið er varmajaflvægi fyrir heita og kalda vatnið fæst eftirfarandi.

$$x \cdot 75 + (1-x) \cdot 5 = 27$$

$$x = 0.314$$

Ef gert er ráð fyrir að laugin sé að meðaltali 2m á dýpt, þarf fyrir hvern fermetra af laugaryfirborði 2000 l af vanni eða 626 l (kg) af heitu vatni. Þetta rennsli dreifist síðan á 7 tíma eða 0.025 kg/s. Aflþörfin er þá að meðaltali $0.025 \cdot 4200 \cdot (75-27) = 5000 \text{ W/m}^2$. Meðan vatnið streymir í laugina er stöðugt varmatap frá henni. Ef miðað er við að betta gerist á meðaldegi þá bætist við 1700 W/m^2 þannig að uppsett aflþyrfi að vera 6700 W/m^2 .

Til að prófa niðurstöðurnar var haft samband við flitaveitu Reykjavíkur og frá þeim fengust upplýsingar um orkusölu til fjögurra útisundlauga á Stór-Reykjavíkursvæðinu árið 1980. Ef gert er ráð fyrir að þessar sundlaugar séu í gangi allan sólarhringinn allt árið um kring fæst eftirfarandi vatnsnotkun.

	tonn	kg/s m^2
Sundlaug Reykjavíkur (Laugardal)	463570	0.013
Sundlaug Vesturbærar	105625	0.011
Sundlaug Kópavogs	36251	0.007
Sundlaug Garðabærar	59437	0.008

Ef tekið er vegið meðaltal út frá þessu fæst vatnshörfin 0.011 kg/s m^2 . Þessar tölur ná yfir alla sölu til lauganna, vatn í laugar, potta, baðvatn og vatn á ofna. Það síðasttalda er mjög óverulegur þáttur og erfitt er að meta baðvatnshörfina þar eða yfirleitt eru ekki sér mælar fyrir það. Í Sundlaug Kópavogs er þó slikur mælir og samkvæmt upplýsingum forstöðumannsins þar er baðvatnið um 10% af heildar vatnskaupum. Heitir pottar eru mismargir við þessar laugar og flestir litlir og vel varðir gegn vindum. Ekki er því gert ráð fyrir að vatnsnotkun þeirra sé meira en 5% af heildinni. Vatnshörfi fyrir laugina er því áætluð $0.011 \cdot 0.85 = 0.009 \text{ kg/s m}^2$. Ef gert er ráð fyrir því að vatnið nýttist um 45°C ($75-30$) fæst að aflnotkun er u.p.b. 1700 W/m^2 . Eins og sést á mynd 3 var orkuþörfin fyrir 1980 100 W/m^2 minni en í meðalári eða 1600 W/m^2 . Hér munar því nekkru en þetta getur ekki ralið um tilgreint óvísun.

4. Niðustöður

Heildarniðurstöður eru þær að í meðalaflnotkun útisundlaug-
ar á Stór-Reykjavíkursvæðinu 1700 W/m^2 fyrir utan höð og potta. Nauð-
synlegt uppsett afl er meðið 6700 W/m^2 .


Heildarflatarmál útisundlauga í landinu er 11400 m^2 . Ef geró er sú nálg-
un að allar útilaugar þurfi svipað meðalafl má ætla að heildaraflþörf
útilauga á landinu sé 10.4 MW . Líklegt er að þessi tala sé eitthvað
hærri þar eða oftast er kaldara úti á landsbyggðinni.

Innisundlaugar ná samtals yfir 2500 m^2 . Árið 1980 var geró könnun á
vegum Orkustofnunar um vatnsnotkun innilauga miðað við útilaugar. (Heimild 4.)
Þá kom í ljós að vatnsnotkun þeirra var um helmingur á við útilaug. Sam-
kvæmt því má gera ráð fyrir að meðalaflþörf innilauga sé 850 W/m^2 og
heildarþörf yfir landið því 2.1 MW .

Meðalaflþörf úti- og innisundlauga fyrir landið í heild er því um 21.5 MW .
Á mynd 4 má sjá hvernig vatnspörfin breytist með náðstreymishita ef gert
er ráð fyrir meðalaflþörf 1700 W/m^2 og vatnið nýtist niður í 30°C .

Hjörleifur Þór Jakobsson

Kólnun vegna uppstreymis og uppgufunar





JHD-HSB-408-HPJ
81.06.0803 - GSJ

Varmatap vegna uppstreymis og uppgufunar
byggt á veðurupplýsingum 1970-1979

Mynd 2

[W/m²]

1500

1000

500

1310

J F M A M J J Á S O N D


Mánuðir



JHD-HSP-408-HPJ
81.06.0804 - GSJ

Varmatap vegna uppstreymis og uppgufunar
byggt á veðurupplýsingum 1980

Mynd 3






JHD - HSP - 408 - HPJ
81.06.0805 - GSJ

Vatnsþörf sundlauga sem fall af aðstreymishita

Mynd 4



5 Heimildir

1. Guðmundur Halldórsson (VST), 1975: Hlutun og hreinsun sundlaugarvatns., fþróttanefnd ríkisins, Reykjavík
2. Sigmund Freysteinsson, Björn Erlendsson, 1971: Varmatap frá straumvötnum. Orkustofnun, Raforkudeild, Reykjavík
3. Matthías Matthiasson (VGK)
4. JSG-MJG-RH-KS-HThJ, 1980: Lowtemperature geothermal energy in Iceland., Orkustofnun

Ennfremur fengust gagnlegar upplýsingar frá Valdimar K Jónssyni H. f.